

flutningsmanni gagnáfrýjanda, Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni greiðist 35 kr. þóknun af almannafé.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 1. nóvember 1915.

Nr. 40/1915.

Þorleifur Guðmundsson
 gegn
 G. Gislason & Hay Ltd.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í héraði af stefnda, firmanu G. Gislason & Hay Ltd. í Reykjavík gegn Þorleifi Guðmundssyni kaupmanni í Þorlákshöfn til greiðslu á 7958 kr. 43 aur., sem firmað taldi til skuldar hjá honum. Áfrýjandi taldi skuld þessa að fullu greidda í ársbyrjun 1913, en jafnframt höfðaði hann gagnsök gegn firmanu og krafðist þess til vara, að það yrði með eða án skuldajafnaðar dæmt til að greiða sér afgang skuldabréfsupphæðar 4000 kr. og fyrir vinnu 1000 kr. eða alls 5000 kr.

Málum þessum var ráðið til lykta með gestaréttardómi Reykjavíkur, uppkeðnum 11. júní þ. á., á þá leið að áfrýjandi var dæmdur til að greiða firmanu hina umstefndu skuld 7958 kr. 43 aur. með 6% ársvöxtum af 7579 kr. 46 aur. frá 1. jan. 1914

til borgunardags og málskostnaðar með 116 kr. og G. Gíslason & Hay Ltd. sýknað af kröfum áfrýjanda gagnsökinni.

Dómi þessum hefir Þorleifur Guðmundsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15 júní þ. á. og gerir hann þær réttarkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda, eða til vara að hann verði að eins dæmdur til að greiða kr. 5067.43, en stefndi jafnframt dæmdur til að greiða honum 4000 kr., sem sé afgangur 13000 kr. skuldabréfs, er áfrýjandi afhenti stefnda, og 1000 kr. fyrir vinnu eða samtals 5000 kr. Ennfremur krefst áfrýjandi að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir undir- og yfirrétti eftir mati réttarins.

Af annari hálfu hefir stefndi, firmað G. Gíslason & Hay Ltd. krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins.

Deiluefninu milli málsaðila er þannig varið:

Samkvæmt framlögðum viðskiftareikningi var skuld áfrýjanda til stefnda í árslok 1912 kr. 7150.43, þar við bætast svo vextir af skuldinni á árinu 1913 kr. 429.03, svo og sekt eftir samningi málsaðila dags. 22. maí 1911 kr. 378.97, eða alls kr. 7958.43, sem stefndi hefir krafist af áfrýjanda.

Upphæðinni kr. 7150.43 er í sjálfu sér eigi mótmælt af áfrýjanda, en hann hefir upphaflega haldið því fram, að skuld þessi hafi verið greidd í byrjun ársins 1913; þá hafi áfrýjandi afhent stefnda skuldabréf nafngreinds manns að upphæð 13000 kr., hafi

af því gengið rúmar 4000 kr. upp í húsakaup, er gerð voru milli málsaðila, en afgangurinn um 9000 kr. hafi átt að ganga til greiðslu á hinn umstefndu skuld. Síðar undir málinu hefir þetta verið leiðrétt af áfrýjanda á þann veg, að 9000 kr. hafi átt að ganga upp í húsakaupin en 4000 kr. upp í umstefnda skuld. Þá heldur áfrýjandi því fram, að hann hinn 24. júní 1912 hafi greitt 1965 kr. upp í umstefnda skuld með vixli samþykktum af verzluninni Dagsbrún, Þorleifur Guðmundsson & Co. fyrir 2000 kr., en forvextir hafi verið dregnir frá. Þessar 1965 kr. með 6% ársvöxtum frá 24. júní 1912 til loka þess árs eða alls 2083 kr. krefst áfrýjandi að verði dregnar frá umstefndri skuldakröfu stefnda, og loks krefst áfrýjandi að stefndi verði dæmdur til að greiða með eða án skuldajafnaðar umgetnar 4000 kr. og enn fremur 1000 kr. fyrir vinnu árið 1911.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að umgetinn 2000 kr. vixill hafi átt af ganga upp í umstefnd viðskifti, heldur hafi hann verið tekinn og átt að takast upp í viðskiftin milli stefnda og nefndrar verzlunar, sem áfrýjandi átti í félagi við annan mann og var ábyrgur fyrir. Af framlögðum viðskiftareikningi við nefnda verzlun sézt að umræddur 2000 kr. vixill hefir verið færður þessari verzlun til tekna 24. júní 1912 af stefnda. Að vísu hefir áfrýjandi haldið því fram, að þetta hafi verið heimildarlaust frá sér, en eftir því sem þeim viðskiftum var háttað virðist ekki unt að taka þau mótmæli til greina.

Að því er snertir afganginn af 13000 kr. skuldaþréfinu, þá nemur þessi afgangur eftir skýrslu stefnda

3260 kr. 80 aur., og hefir þessi upphæð verið tekin upp í hin sömu viðskifti milli stefnda og verzlunarinnar Dagsbrún, Þorleifur Guðmundsson & Co. Telur áfrýjandi þetta óheimilt, enda standi sér ekki á sama í hvor viðskiftin upphæðin sé tekin, með því að á skuldum verzlunarinnar hafi og annar maður haft ábyrgð. Það verður nú eigi séð að áfrýjandi sé neitt ver settur, þótt stefndi hafi tekið þessar 3260 kr. 80 aur., upp í skuld verzlunarinnar, með því að því hefir ekki verið mótmælt, að stefndi hafi átt aðgang að fullu að áfrýjanda fyrir skuldum verzlunarinnar, enda er það ekki sannað gegn mótmælum stefnda, að áskilið hafi verið að umræddar 3260 kr. 80 aur. skyldu ganga upp í hina umstefndu skuld. Það verður því að líta svo á, að stefndi hafi haft heimild til að láta bæði víxilinn og umræddar 3260 kr. 80 aur. ganga upp í viðskiftin við verzlunina.

Þá er kröfu áfrýjanda um 1000 kr. fyrir vinnu í þarfir stefnda mótmælt. Áfrýjandi viðurkennir að mótmæli þessi séu að því leyti á rökum bygð, að það hafi verið vangá að vinnan sé talin vera í té látin á árinu 1911, því það hafi verið árið 1910. Stefndi hefir krafist frávisunar á kröfu þessari vegna þess að um hana sé ekki stefnt og hún því ekki lögð til sátta, heldur krafan fyrir vinnu 1911; auk þess er henni mótmælt sem of seint framkominni og því yfir höfuð neitað að stefndi skuldi áfrýjanda nokkuð fyrir vinnu árið 1910. Með því stefnt er fyrir vinnu í té látna árið 1911 verður að fallast á að ekki sé sannað að þessi krafa hafi verið lögð til sátta og verður hún því ekki tekin til greina.

Sektakrafan er byggð á áðurgreindri skuldbindingu áfrýjanda og virðist eftir framansögðu verða að taka hana til greina.

Þar sem kröfur áfrýjanda verða að engu leyti teknar til greina ber að staðfesta hinn áfrýjanda dóm einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda að greiða stefnda 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur skal vera óraskaður. Áfrýjandi Þorleifur Guðmundsson greiði stefnda G. Gíslason & Hay Ltd 20 kr. í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 8. nóvember 1915.

Nr. 39/1915.

Björn Gíslason
gegn
Degi Brynjólfssyni.

D ó m u r:

Eftir kröfu hreppstjórans í Gaulverjabæjarhreppi, Guðmundar Þorkelssonar, sem umsjónarmanns kirkju-